

Tilkynning til embættis sérstaks saksóknara um meint brot á ákvæði 123. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Fjármálaeftirlitið vísaði þann 9. júlí 2009 til embættis sérstaks saksóknara, sbr. 1. gr. laga nr. 135/2008, um embætti sérstaks saksóknara, máli vegna gruns um innherjasvik skv. 1. tl. 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Samkvæmt fyrrgreindri lagagrein er innherja óheimilt að afla eða ráðstafa fjármálagerningum með beinum eða óbeinum hætti, fyrir eigin reikning eða annarra, búi hann yfir innherjaupplýsingum.

Víðskiptin sem um ræðir áttu sér stað í september 2008 með skráð hlutabréf útgefin af fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið taldi viðkomandi hafa búið yfir nægjanlega tilgreindum upplýsingum sem líklegar væru til að hafa verðmótandi áhrif á viðkomandi fjármálagerninga á þeim tíma er þeir voru seldir.

Með vísan til nefndra lagaákvæða og atvika málsins ákvað Fjármálaeftirlitið að vísa bæri málinu til sérstaks saksóknara.